

**5. Ákvæði til bráðabirgða.**

- 5.1. Lagfæringu á gólfi og yfirbyggingu á hráefnisþró, sbr. gr. 1.2. og 2.4., skal lokið innan 7. mánaða frá útgáfu leyfis þessa.
- 5.2. Uppsetningu loftræstikerfis frá helstu lyktaruppsprettum í verksmiðjunni, sbr. gr. 2.8., skal lokið innan 12 mánaða frá útgáfu leyfis þessa.
- 5.3. Kæli- og þvottaturn, sbr. gr. 2.10. skal tekinn í notkun innan tveggja mánaða frá útgáfu leyfis þessa.  
Verði gufu- eða heitaloftsþurrkun notkun eingöngu, skal búnaður til þess að brenna lyktarefnum tekinn í notkun innan 12. mánaða.
- 5.4. Byggingu fitugildru fyrir frárennsli, sbr. gr. 2.14. skal lokið innan 12. mánaða frá útgáfu leyfis þessa.

*Umhverfissráðuneytið, 11. mars 1991.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**AUGLÝSING****um starfsleyfi fyrir lifrabræðslu Fróðamjòls hf., Patreksfirði.****1. Almenn ákvæði.**

- 1.1. Lifrabræðslunni er heimilt að framleiða lýsi úr fisklifur. Hámarksafköst bræðslunnar skulu við það miðast, að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikils álags á tækjakost.
- 1.2. Lifrabræðslan skal sjá svo um, að á öllu athafnasvæði bræðslunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Patreksfjarðar. Halda skal útliti og umhverfi bræðslunnar snyrtilegu.
- 1.3. Ganga skal þannig frá mannvirkjum og búnaði bræðslunnar og haga allri starfsemi svo, að hætta á mengun í hráefni og afurðum verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsemi og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Sé ráðgert að gera verulegar breytingar á rekstri eða stækka bræðsluna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Patreksfjarðar, skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við umhverfissráðherra að starfsleyfið verði endurskodað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

**2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.**

- 2.1. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til lifrabræðslu skulu vera vökvaðeld.
- 2.2. Þar sem lifur er losuð af flutningstæki í hráefnisgeymslu, skal vera steipt stétt með niðurföllum.
- 2.3. Allt hráefni skal geymt í lokuðum og vökvaðeldum geymslum. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal hún þriffin, svo og tæki sem notuð hafa verið.

- 2.4. Vinnslu og flutningskerfi í lifrabræðslum skal vera sem mest lokað. Bræðslutankar skulu vera lokaðir meðan bræðsla fer fram. Loftræsta skal frá bræðslutönkum á viðunandi hátt.
- 2.5. Að bræðslu lokinni skal lýsið skilið frá grútnum. Leitast skal við að nýta grútinn.
  - A. Sé lýsið fleytt ofan af grútnum, skal það lýsi, sem eftir er í grútnum, unnið úr honum með lútsuðu (alkalísk hydrolysa), sé grúturinn ekki nýttur á annan hátt.
  - B. Sé lýsið skilið frá grútnum í skilvindum, skal a.m.k. grófsigta föst efni frá vökvanum áður en hann fer á skilvindur. Föst efni og skotmassa frá skilvindum skal taka frá og nýta eða farga, sé vatnsfasinn ekki nýttur.
- 2.6. Frárennsli frá lifrabræðslunni skal tengjast fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennsli leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati heilbrigðisnefndar Patreksfjarðar. Lifrabræðslan skal leita samþykkis mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.7. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) hans vera á bilinu 2–11,5. Sama á við um lút frá lútsuðu.
- 2.8. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennsli. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennsli.
- 2.9. Gengið skal frá fráveitu frá snyrtungum með viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Patreksfjarðar.
- 2.10. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins.

Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal vera innan þróar. Sé lýsið sett á gáma, tunnuna eða flytjanleg ílát, skal þeim þannig fyrir komið að þau valdi ekki mengun umhverfis, þó þau skaddist eða leki komi að þeim.
- 2.11. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.
- 2.12. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnd heimill aðgangur að henni hvenær sem er.

### 3. Eftirlit og eftirlitsgjöld.

- 3.1. Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald í samræmi við þriðja flokk gjaldskrár nr. 355/1986 með síðari breytingum.

Gjaldið skal standa undir hluta af kostnaði vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð.
- 3.2. Eftirlitið skal vera með tvennum hætti:

Beint eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins annars vegar og hins vegar eftirlit fyrirtækisins sjálfs, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

**4. Gildistaka.**

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnarreglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytið, 11. mars 1991.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

## GJALDSKRÁ

### Rafmagnsveitu Hveragerðis.

1. gr.

#### Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Hveragerðis.

2. gr.

#### Raforkugjöld.

	Án VSK	Með VSK
<b>A. Almennir taxtar</b>		
A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:		
Orkugjald . . . . .	6,00	(7,47) kr/kWh
Fast gjald 1-fasa . . . . .	2 500,00	(3 112,50) kr/ár
Fast gjald 2-fasa . . . . .	5 000,00	(6 225,00) kr/ár
A.2 Verð á rafmagni við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:		
Orkugjald . . . . .	7,80	(9,71) kr/kWh
Fast gjald . . . . .	5 000,00	(6 225,00) kr/ár
A.3 Verð á rafmagni til notkunar á heimilum:		
Orkugjald . . . . .	6,00	(7,47) kr/kWh
Fast gjald 1-fasa . . . . .	2 500,00	(3 112,50) kr/ár
Fast gjald 3-fasa . . . . .	5 000,00	(6 225,00) kr/ár
<b>B. Afltaxtar</b>		
B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:		
Orkugjald . . . . .	2,10	(2,61) kr/kWh
Aflgjald . . . . .	7 500,00	(9 337,50) kr/kW/ár
Fast gjald . . . . .	40 000,00	(49 800,00) kr/ár
Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.		
Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.		
Einnig er notendum, sem greiða fyrir 50 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxa.		
B.2 Uppsett afl (götulýsing):		
Aflgjald . . . . .	9 500,00	(11 827,50) kr/kW/ár
Viðhaldsgjald . . . . .	12 500,00	(15 562,50) kr/kW/ár
Samtals . . . . .	22 000,00	(27 390,00) kr/kW/ár